

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 847/2014 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1205 frá 23. júlí 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar.

2. gr.

Ofangreind framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. febrúar 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

Eggert Ólafsson.

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1205**

frá 23. júlí 2015

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum<sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013<sup>(2)</sup> var samþykkt þegar í ljós komu, við úttekt endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, annmarkar í Tyrklandi á framkvæmd opinbera eftirlitsins með framleiðslu á samlokum, sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, og þar eð aðildarríki tilkynntu um sendingar af samlokum, sem voru upprunnar í Tyrklandi og voru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem uppfylltu ekki örverufræðilega staðla Sambandsins.
- 2) Lögbær yfirvöld í Tyrklandi lögðu fram upplýsingar um þær ráðstafanir til úrbóta sem hafa verið gerðar til að ráða bót á annmörkum sem komu í ljós í eftirlitskerfi með samlokum sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins. Vegna þess hversu alvarlegir ágallarnir eru, sem komu í ljós við úttekt Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, er þó eftirfylgniúttekt Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar nauðsynleg áður en unnt er að íhuga afnám ráðstafananna. Enn fremur hafa aðildarríki tilkynnt um tiltekin tilvik þar sem samlokur, sem var framvísað til skoðunar á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar koma inn í Sambandið, uppfylltu ekki örverufræðilega staðla.
- 3) Því ætti að breyta gildistíma beitingar framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í annarri málsgrein 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 komi dagsetningin „31. desember 2016“ í stað „4. ágúst 2015“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 frá 31. júlí 2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis (Stjtið. ESB L 205, 1.8.2013, bls. 1).